

Styrkveitingar menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar 2007.

Menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkurborgar samþykkti afgreiðslu styrkja fyrir árið 2007 og starfssamninga fyrir árin 2007-2009 á fundi ráðsins þ. 14. desember s.l. 51 styrkur var veittur til verkefna og liststarfsemi 2007, samtals að upphæð 20.100.000 kr. Samþykkt var að gera starfssamninga til þriggja ára við 33 listhópa, samtals að upphæð 41.900.000 kr.

Jafnframt var Trío Reykjavíkur valið **Tónlistarhópur Reykjavíkur 2007** og hljóta þess vegna 1.000.000 kr. til viðbótar við starfssamning. Tríóið skipa Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari, Gunnar Kvaran sellóleikari og Peter Maté píanóleikari.

Styrkir til verkefna og liststarfsemi 2007

Ung Nordisk Musik hlaut 1 m.kr. til að halda UNM hátíð í Reykjavík í september 2007. Vatnadansmeyjafélagið Hrafnhildur hlaut 800 þús. kr. styrk til að setja upp fjölleikisýninguna Draugaskipið og Guðrún Ásmundsdóttir leikkona sömu upphæð til uppsetningar einleiks á 50 ára leikafmæli hennar í Iðnó, þar sem sögu hússins eru gerð skil.

700 þús. kr. styrk hlutu Blúshátíð í Reykjavík, Kvikmyndafélag Íslands vegna stuttmyndadaga og leiklistarhátíðin Lókal.

600 þús. kr. styrk hlutu Ergis kvikmyndaframleiðsla vegna heimildamyndar um Jórunni Viðar tónskáld og Myndhöggvarafélagið í Reykjavík vegna Myndlistar fyrir alla.

500 þús. kr. styrk hlutu sviðslistahópurinn CommonNonsense, leikhópurinn Draumasmiðjan, Hið íslenska bókmenntafélag, Kór Áskirkju, Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar, Leikminjasafn Íslands, Lífsmynd - heimildarmynd um Jónas Hallgrímsson, Lýðveldisleikhúsið, Jazzklúbburinn Múlinn, myndlistarhátíðin Sequences, Sögusvuntan, leikhópurinn Thalamus og Örn Magnússon píanóleikari.

400 þús. kr. styrk hlutu Blásarakvintett Reykjavíkur, Camerarctica, Davíð Stefánsson ljóðskáld, Halaleikhópurinn, Kammerkórinn Carmina, Kling & Bang gallerí, Minerva Iglesias Carcia dansari, skáldahópurinn Nýhil, tónlistarhópurinn Rinascente, Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, Sinfóníuhljómsveit unga fólksins og Söngsveitin Fílharmonía.

300 þús. kr. styrk hlutu Blásarasveit Reykjavíkur, Gunnar Kvaran - Töframáttur tónlistarinnar, List án landamæra, Matarsetrið Matur-saga-menning og tónleikaröðin Nordic affect.

250 þús. kr. styrk hlaut myndlistarverkefnið InfoPHR-Alien Structures in Urban Landscape og 200 þús. kr. styrk hlutu 15:15 tónleikahópurinn, Eiríkur Orri Ólafsson tónlistarmaður, Félag íslenskra tónlistarmanna, Foreldrafélag drengjakórs Reykjavíkur, IBBY á Íslandi og Rúrí myndlistarmaður.

150 þús. kr. styrk hlaut Lúðrasveit verkalýsðins og 100 þús. kr. styrk hlutu Benedikt S. Lafleur skáld og myndlistarmaður, Kórskóli Langholtskirkju v. drengjakórs, Leikfélag eldri borgara Snúður og Snælda, Kórstarf eldri borgara í Gerðubergi og Samband ungra sviðslistamanna.